

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Keflex 250 mg / 5 ml mixtúrukyni, dreifa

cefalexín

ATH. sama lyf og Keflex 50 mg/ml

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Keflex og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Keflex
3. Hvernig nota á Keflex
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Keflex
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Keflex og við hverju það er notað

Keflex er sýklalyf sem tilheyrir flokki cefalósporína. Keflex er notað við sýkingum af völdum baktería.

2. Áður en byrjað er að nota Keflex

Ekki má nota Keflex

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir virka efni (cefalexíni), öðrum cefalósporínum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef um er að ræða ofnæmi fyrir penisillíni.

Láttu lækinn vita áður en þú notar cefalexín:

- Ef þú hefur einhvern tímann fengið alvarleg húðútbrot eða húðflögnun, blöðrumyndun og/eða sár í munni eftir að nota cefalexín eða önnur bakteríulyf.

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum lækis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Hafðu samband við lækinn áður en byrjað er að taka Keflex ef þú ert með ofnæmi fyrir penisillíni, þar sem þú gætir þá einnig haft ofnæmi fyrir Keflex.

Hafðu samband við lækinn ef þú átt að taka Keflex í lengri tíma, því verkun Keflex getur minnkað með tímanum.

Ef þú ert með nýrnasjúkdóm, mun lækinn rannsaka þig reglulega til að ganga úr skugga um að nýrun starfi eðlilega.

Hafðu samband við lækinn ef þú færð alvarlegan niðurgang meðan á meðferð stendur. Slíkt getur verið merki um alvarlega ristilbólgu.

Láttu alltaf vita við blóð- eða þvagrannsóknir að þú fáið meðferð með Keflex. Meðferðin getur haft áhrif á rannsóknarniðurstöðurnar.

Gætið sérstakrar varúðar við notkun cefalexíns:

Tilkynnt hefur verið um bráð útbreidd graftarútpot (acute generalised exanthematous pustulosis (AGEP)) við notkun cefalexíns. Graftarútpotin koma fram í upphafi meðferðar sem útbreidd rauð, hreistruð útbrot með hnútum undir húðinni og blöðrum ásamt hita. Algengast er að þau komi fram í húðfellingum, á bók og handleggjum. Mesta hættan á að þessi alvarlegu húðviðbrögð komi fram er á fyrstu viku meðferðarinnar. Ef þú færð alvarleg útbrot eða önnur af þessum einkennum á húð skaltu hætta að taka cefalexín og hafa strax samband við lækinn eða leita lækniðstoðar.

Notkun annarra lyfja samhliða Keflex

Látið lækinn vita ef notuð eru:

- önnur sýklalyf (klóramfeníkólí, erýtrómýcín, sulfónamíð, tetracyklín eða önnur cefalóspórín lyf).
- lyf við þvagsýrugigt (próbenesíð).
- lyf við sykursýki (metformín).
- vatnslosandi lyf eða lyf við háum blóðþrýstingi (þvagræsilyf).

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Notkun Keflex með mat eða drykk

Taka má Keflex með mat og drykk.

Meðganga og brjóstagið

Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga:

Aðeins má taka Keflex á meðgöngu gegn ávísun frá lækni.

Brjóstagið:

Það má hafa barn á brjósti meðan á meðferð með Keflex stendur.

Akstur og notkun véla

Keflex hefur engin áhrif á vinnuöryggi eða hæfni til aksturs.

3. Hvernig nota á Keflex

Takið lyfið alltaf eins og lækinn hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá lækni eða lyfjafræðingi.

Skammtar

Fullorðnir: Venjulegur skammtur handa fullorðnum er 250-500 mg 3-4 sinnum á dag.

Ef þú ert með alvarlega sýkingu gæti lækinn aukið skammtinn.

Aldraðir: Ekki er nauðsynlegt að breyta skömmtum. Farið eftir ávísun lækisins.

Börn: Venjulegur skammtur er 25-50 mg/kg líkamspunga daglega, gefið í 3-4 jöfnum skömmtum.

Undir venjulegum kringumstæðum má ekki gefa börnum undir 10 kg Keflex. Farið eftir ávísun lækisins.

Ef barnið er með alvarlega sýkingu gæti lækinn tvöfaldað skammtinn. Farið eftir ávísun lækisins.

Skert nýrnastarfsemi: Nauðsynlegt getur verið að minnka skammt um helming.

Fylgdu ávallt ráðleggingum lækisins.

Farðu alltaf eftir ávísun læknisins. Skammtar eru einstaklingsbundnir. Ekki skal breyta meðferð eða stöðva hana án samráðs við lækni.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Hafa skal samband við lækni, sjúkrahús eða lyfjafræðing ef þú hefur tekið meira af Keflex en mælt er fyrir um í þessum fylgiseðli eða lækningin ráðlagði, og þú finnur fyrir slappleika.

Þú getur fengið einkenni eins og ógleði, uppköst, verki og óþægindi í maga, niðurgang, truflun í saltjafnvægi líkamans, vöðvakippi, krampa, dá eða nýrnabilun.

Ef gleymist að taka Keflex

Ef gleymst hefur að taka Keflex skal halda áfram að taka lyfið eins og venjulega. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 1.000 sjúklingum):

- Alvarlegt blóðleysi með gulu. Hafið strax samband við lækni.
- Breytingar á blóðmynd, sem geta komið fram sem þreyta, blæðingar í húð og slímhúð, marblettir ásamt sýkingum og hita. Hafið strax samband við lækni.
- Alvarleg ofnæmisviðbrögð, t.d. með skyndilegum útbrotum, öndunarerfiðleikum, þrota í andliti, vörum og hálsi, yfirliði. Hafið strax samband við lækni eða bráðamóttöku. Hugsanlega þarf að hringja í 112 (einkennin geta verið lífshættuleg).
- Lifrabólga með gulu. Hafið strax samband við lækni eða bráðamóttöku.
- Alvarleg ristilbólga með niðurgangi. Hafið strax samband við lækni.
- Húðbólga, sérstaklega á höndum og fótum og í kringum munn ásamt hita (Stevens-Johnson heilkenni). Hafið strax samband við lækni eða bráðamóttöku.
- Útbrot í andliti og á handleggjum og fótleggjum ásamt hita. Hafið samband við lækni.
- Mikil flögnun húðar. Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku.

Tíðni ekki þekkt:

- Ofskynjanir. Hafið samband við lækni.
- Útbreidd rauð, hreistruð útbrot með hnútum undir húðinni og blöðrum ásamt hita í upphafi meðferðar (acute generalised exanthematous pustulosis). Hættu að nota cefalexin ef þú færð þessi einkenni og hafðu strax samband við lækinn eða leitaðu læknisaðstoðar. Sjá einnig kafla 2.

Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar

Algengar aukaverkanir (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 10 sjúklingum):

- Niðurgangur, ógleði.

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 100 sjúklingum):

- Útbrot, ofsakláði, kláði.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 1.000 sjúklingum):

- Kláði í leggöngum og endaparmi.
- Bólga í leggöngum.
- Höfuðverkur, svimi.
- Magaverkir, uppköst.
- Meltingarörðugleikar.
- Þreyta.

- Nýrnabólga með verkjum, hita og blóði í þvagi. Skert nýrnastarfsemi. Einkennin hverfa þegar meðferðin er stöðvuð.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum):

- Sveppasýking í leggöngum af völdum hvítmyglusvepps (*Candida albicans*).
- Eirðarleysi, órói.
- Rugl.
- Hiti.
- Liðverkir.
- Liðbólgur.

Keflex getur einnig valdið aukaverkunum sem þú tekur ekki eftir undir venjulegum kringumstæðum. Það geta verið breytingar á rannsóknarniðurstöðum, svo sem aukinn fjöldi hvíttra blóðkorna (rauðkyrninga), falskt jákvætt svar við glúkósa í þvagi eða hækkuð lifrarpróf, sem verða aftur eðlileg þegar meðferð er hætt.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Keflex

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Mixtúrukyrni: Geymið við lægri hita en 25°C. Geymið flöskuna í ytri umbúðum. Geymið flöskuna vel lokaða.

Eftir blöndun: Geymið í kæli (2-8°C), í allt að 10 daga.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Keflex inniheldur

- Virka innihaldsefnið er cefalexín.
- Önnur innihaldsefni eru súkrósi, natríum laurylsúlfat, metýlsellulósi, dimeticon, xantan gúmmí, forhleypt sterkja, tilbúið guarana bragðefni (ávaxtabragð). Litarefni: Allura rautt AC (E129).

Markaðsleyfishafi

STADA Nordic ApS
Marielundvej 46A
2730 Herlev
Danmörk

Framleiðandi

ACS Dobfar S.p.A.
Via Laurentina Km 24,730
00071 Pomezia (Rome)

Ítalía

Samhliða innflutningur og merking
Heilsa ehf., Bæjarflöt 1, 112 Reykjavík.
Merking: Heilsa ehf., Reykjavík.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í mars 2025.